

Fimmtudaginn 30. september 1965.  
 Nr. 7/1965. **Vinnuveitendasamband Íslands**  
**vegna sjálfs sín og f. h.**  
**Meistarafélags húsasmiða í Reykjavík**  
 (Barði Friðriksson hdl.)  
 gegn  
**Alþýðusambandi Íslands f. h.**  
**Trésmiðafélags Reykjavíkur**  
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómarar: Hákon Guðmundsson,  
 Ragnar Jónsson, Bjarni Bjarna-  
 son, Guðmundur Vignir Jósefs-  
 son, Ragnar Ólafsson.

Verkfall dæmt lögmætt.

### Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 23. sept. s.l., af Vinnuveitendasambandi Íslands vegna sjálfs sín og f. h. Meistarafélags húsasmiða í Reykjavík gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Trésmiðafélags Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

að verkfalli Trésmiðafélags Reykjavíkur, er hófst í Árbæjarhverfi, nánar tiltekið Hraunbæ, Yztabæ, Heiðarbæ, Fagrabæ, Glæsibæ, Þykkvabæ, Vorsabæ, Hlaðbæ og Há-  
 bæ, hinn 20. september s.l. verði dæmt ólöglegt,

að stefnda verði dæmt að greiða sekt fyrir brot á lögum nr. 80/1938,

að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir og tildrög eru þessi:

Á öndverðu þessu ári rann út fyrir uppsögn kjarasamningur sá, sem í gildi var milli Meistarafélags húsasmiða í Reykjavík og Trésmiðafélags Reykjavíkur. Þrátt fyrir samningaumleitanir, nú síðast fyrir milligöngu sáttasemjara ríkisins, varð ekki samkomulag um nýjan kjarasamning. Á fundi, sem haldinn var 7. þ. m., samþykkti

trúnaðarmannaráð Trésmiðafélags Reykjavíkur, „að lýsa yfir vinnustöðvun allra meðlima félagsins, sem vinna hjá meðlimum Vinnuveitendasambands Íslands og Meistarafélags húsasmiða í Árbæjarhverfi, nánar tiltekið í byggingum við Hraunbæ, Yztabæ, Heiðarbæ, Fagrabæ, Glæsibæ, Þykkvabæ, Vorsabæ, Hlaðbæ og Háabæ.“ Skyldi vinnustöðvun þessi koma til framkvæmda frá og með 20. þ. m., ef nýir samningar hefðu þá eigi enn komist á milli deiluaðilja. Ágreiningslaust er, að ákvörðun um vinnustöðvunina hafi verið tekin á löglegan hátt og hún tilkynnt stefnanda með þeim hætti, er lög nr. 80/1938 ákveða. Samningar tókust ekki þrátt fyrir boðaða vinnustöðvun og kom hún til framkvæmda með þeim hætti, sem samþykkt trúnaðarmannaráðsins mælti fyrir um, þannig, að félagsmenn Trésmiðafélags Reykjavíkur lögðu niður vinnu við húsabyggingar í framangreindum götum í Árbæjarhverfi. Hins vegar mættu þeir, a .m. k. sumir þeirra, til vinnu hjá þeim sömu húsasmiðameisturum, sem verkfallið bitnaði á í Árbæjarhverfi, ef þeir síðarnefndu höfðu með höndum byggingaframkvæmdir annars staðar í Reykjavík, en húsasmiðameistarar þeir, sem trésmiðavinna lagðist niður hjá í Árbæjarhverfi vegna vinnustöðvunar Trésmiðafélags Reykjavíkur, munu ekki hafa tekið til vinnu á öðrum vinnustöðvum sínum, þá trésmiði, sem lagt höfðu niður vinnu í nefndu hverfi.

Ekki hafa komið fram nákvæmar tölur um fjölda þeirra húsasmiðameistara, sem þola urðu vinnustöðvun í Árbæjarhverfi, enda eru engir þeirra nafngreindir í vinnustöðvunarsamþykkt trúnaðarmannaráðs Trésmiðafélags Reykjavíkur, sem þannig er beint gegn ótilteknum fjölda húsasmiðameistara, en samkvæmt málflutningi aðilja má ætla, að tala þeirra sé milli 30 og 60 talsins. Félagar í Meistarafélagi húsasmiða munu alls vera nálægt 430.

Eigi virðist vera ágreiningur um það, að vinnustöðvunin nái til allrar þeirrar trésmiðavinnu í Árbæjarhverfi, sem þar er framkvæmd á vegum félagsbundinna húsasmiðameistara.

Þessari framkvæmd nefndrar vinnustöðvunar vill stefn-

andi ekki una. Byggir hann dómkröfur sínar á því, að verkfall það, sem hér ræðir um, sé ólöglegt í skilningi laga nr. 80/1938 og þá fyrst og fremst vegna þess, að það beinist aðeins gegn fáeinum félagsmönnum Meistarafélags húsasmiða, á landfræðilega takmörkuðu svæði, sem sé aðeins hluti af heildarfélagssvæði Trésmiðafélags Reykjavíkur en engar sérkröfur séu af hálfu þess félags gerðar á hendur þeim húsasmiðameisturum, sem atvinnurekstur stundi á því svæði, þ. e. Árbæjarhverfi og verkfallið beinist gegn. Telur hann, að óheimilt sé samkvæmt grundvallarreglum laga nr. 80/1938 að leggja þannig „í einelti einstök fyrirtæki innan viðsemjandaheildar“, þ. e. Meistarafélags húsasmiða í Reykjavík, því það sé almennt skilyrði fyrir lögmati verkfalls, að því sé beint gegn öllum félagsmönnum þeirrar félagsheildar, er hlut eigi að máli hverju sinni, nema sérstakar ástæður heimili, að það komi aðeins til framkvæmda gegn einstökum vinnuveitendum innan félagsheildarinnar. Hér sé hins vegar ekki um neitt slíkt að ræða. Kveður stefnandi, að það mundi leiða til glundroða í samskiptum launþega og vinnuveitenda, ef verkalýðsfélagi væri talið heimilt, að takmarka verkfall við ákveðið svæði, eins og hér sé gert eða takmarkaða tölu þeirra vinnuveitenda, sem sitji að öðru leyti við sama borð um samningsaðstöðu, enda sé það andstætt félagslegum anda og tilgangi laga nr. 80/1938.

Af hálfu stefnda er þessum skilningi stefnanda eindregið mótmælt. Styður hann sýknukröfu sína þeim rökum, að fyrir gildistöku laga nr. 80/1938 hafi eigi verið í lögum neinarreglur um boðun eða framkvæmd verkfalla hér á landi, sem þó hafi tvímælalaust verið talin lögmat. Á þessu hafi orðið sú breyting ein, með lögum nr. 80/1938, að þá hafi verið sett ákvæði um það, með hvaða hætti ákvörðun um vinnustöðvun skyldi tekin, og mælt fyrir um ákveðna tilkynningarskyldu af hálfu þess aðilja, sem hefja ætlaði vinnustöðvun. Hins vegar væru ekki í lögnum nein ákvæði, er mæltu fyrir um ákveðna framkvæmd vinnustöðvana og væri verkalýðsfélögum því frjálst, svo sem áður hefði verið, að haga henni á þann hátt,

sem þau teldu sér hagkvæmast, enda væri það viðtekin venja, að verklýðsfélögin hefðu frjálsar hendur um það, hve viðtæk hver vinnustöðvun væri. Yrði og engan veginn sagt, að það væri á nokkurn hátt óeðlilegt, að beita tiltekinn fjölda vinnuveitenda verkfalli, eða að láta það aðeins ná til fyrirfram ákveðins svæðis innan félagssvæðis verklýðsfélags þess, er hlut ætti að máli.

Telja verður, að framangreind vinnustöðvun Trésmiðafélags Reykjavíkur í Árbæjarhverfi, sem ágreiningslaust er, að samþykkt hafi verið og tilkynnt með lögmæltum hætti, brjóti hvorki í bág við ákvæði II. kafla laga nr. 80/1938 né þau megin sjónarmið, sem hafa ber í huga, þegar nefnd ákvæði eru skýrð. Eigi verður heldur talið, að hún sé andstæð öðrum þeim réttarreglum, sem til álita koma í þessu sambandi.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að sýkna stefnda af dómkröfum stefnanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Trésmiðafélags Reykjavíkur, skal vera sýkn í máli þessu af kröfum stefnanda, Vinnuveitendasambands Íslands vegna sjálfs sín og f. h. Meistarafélags húsasmiða í Reykjavík.

Málskostnaður fellur niður.